

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2005 frá 21. október 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 833/2005 frá 31. maí 2005 um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fóðri ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 frá 21. júní 2005 um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fóðri ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 frá 26. júlí 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1206/2005 frá 27. júlí 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

- „1zzk. **32005 R 0883**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 833/2005 frá 31. maí 2005 um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtið. ESB L 138, 1.6.2005, bls. 5).
- 1zzl. **32005 R 0943**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 frá 21. júní 2005 um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtið. ESB L 159, 22.6.2005, bls. 6).
- 1zzm. **32005 R 1200**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 frá 26. júlí 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 14, 19.1.2006, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 4, 19.1.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 138, 1.6.2005, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 159, 22.6.2005, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 197, 28.7.2005, bls. 12.

1. ggn. **32005 R 1206**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1206/2005 frá 27. júlí 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 197, 28.7.2005, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 833/2005, 943/2005, 1200/2005 og 1206/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.